



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

25. október 2012

43. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð  
til leigu?

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins  
aðeins

439 kr.



**SUBWAY**  
alltaf ferskt

Opið  
virka daga: 10 til 22  
helgar: 11 til 22



## Rósa í bakaríinu

Rósa Þorsteinsdóttir er flest-  
um kunn úr Gamla bakaríinu við  
Silfurtorg. Hún bauð blaðamanni  
BB upp á bakkelsi í eldhúsinu  
heima og sagði honum undan  
og ofan af lífshlaupi sínu.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI  
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |

**EIMSKIP**  
Flytjandi





Kaupfélagshúsið við Austurveg 2 á Ísafirði.

## Málefni Pollgötunnar skýrast von bráðar

„Ég er pollrólegur fyrir þessu. Við höfum haldið tvo fundi í haust og skýrslu verður væntanlega skilað inn til bæjarstjórnar í lok þessa mánaðar,“ segir Gísli Halldór Halldórsson bæjarfulltrúi og formaður samráðshóps um sjóvarnir og sportbátastöðu við Pollinn á Ísafirði. Vegagerðin telur nauðsynlegt að byggja varnargarð við Pollgötu, en vegurinn um götuna stendur of lágt að mati Vegagerðarinnar.

Að sögn Gísla hefur nefndin rætt um hagkvæma niðurstöðu í málinu, en ekki verði hægt að fjölýrða um hvaða ákvörðun verði tekin fyrir en að skýrslunni hefur verið skilað til bæjarstjórnar.

– gudmundur@bb.is

# Gengið til samninga við Þöll

Endanlegur kaupsamningur við Þöll ehf. um kaup á eignarhluta Ísafjarðarbæjar í Austurvegi 2 á Ísafirði, gamla Kaupfélagshúsinu, liggur nú fyrir. Bæjarstjórn hefur samþykkt að selja eignina fyrir 35 milljónir króna. Eiríkur Finnur Greipsson formaður bæjarráðs lagði til á síðasta bæjarstjórnarfundinum að kaup-tilboðið yrði samþykkt, og var tillagan samþykkt með fimm atkvæðum gegn einu. Umræður mynduðust um kaupsamninginn á fundinum og var sammælt meðal bæjarfulltrúa að söluverð eignarinnar væri of lágt. Jóna Benediktsdóttir bæjarfulltrúi Í-listans tók fram að þau tóu bílastæði sem eru látin fylgja með í kautilboðinu, til viðbótar við þau fjögur sem voru þar fyrir, séu jafn lágt metin og þau sem fyrir voru.

„Ég er ekki sannfærð um að þetta sé það skynsamlegasta sem við getum gert í þessari stöðu,“

sagði Jóna og minntist á að málið væri að fullu og öllu gjörningur meirihlutans. Ljóst þykir á máli Marzellíusar Sveinbjörnssonar og Eiríks Finns að kostnaður vegna lóðabreytinga muni falla á bæinn, svo bærin geti afhent eignina í hæfu ástandi. „Í mínum huga er það algerlega borðleggjandi að við getum ekki afhent eignina nema að taka af henni leiksvæðið. Sá kostnaður hlýtur að falla á bæinn, sama hver kaupir,“ sagði Eiríkur Finnur.

Benedikt Bjarnason sóttist eftir því að vita hver sá kostnaður yrði en ekki fengust tölulegar upplýsingar um það á fundinum. Guðfinna Hreiðarsdóttir tók þó fram að vonandi myndi atvinnustarfsemi hefjast í húsinu sem myndi skila sér til í auknum tekjum til bæjarins. Að félaginu Þöll ehf. standa þeir Ágúst Gíslason, Flosi Kristjánsson, Gísli Már Ágústsson og Alfreð Erlingsson.

Málefni félagsins hafa verið í kaup-tilboðs þeirra í eignina við umræðunni að undanförmu vegna Austurvöll 2.

## Veiðimenn athugið!

Rjúpnaveiði er bönnuð í landi Gilsbrekku í Súgandafirði.

Landeigendur.

## Aðalfundur

Aðalfundur Skógræktarfélags Ísafjarðar verður haldinn 1. nóvember kl. 20:00 í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Síminn er 456 4560

# Telja framkvæmdirnar ekki leyfisskyldar

Ekkert verður af framkvæmdum Landsnets við aðveitustöð undir Gleidrahjalla og flutningi á 66kV rafstrengi í nýja stöð fyrir en á næsta ári, ef Orkustofnun breytir ekki úrskurði sínum um að líta verði á framkvæmdirnar sem eina heildarframkvæmd. Orkustofnun hefur skilyrt veitingu leyfis fyrir færslu jarðstrengsins við að sótt sé samhlíða um leyfi fyrir byggingu spennistöðvar. Þessu hefur Landsnet mótmælt, enda er hefur ekki verið

tekin formleg ákvörðun um hönnun spennistöðvarinnar. Landsnet hefur því ákveðið að stöðva fyrirhugaðar framkvæmdir við færslu jarðstrengsins og kæra ákvörðun Orkustofnunar til úrskurðarnefndar raforkumála.

Forráðamenn Landsnets ehf. telja fyrirhugaðar framkvæmdir við tengivirki á Ísafirði ekki leyfisskyldar eins og Orkustofnun hefur haldið fram. Orkustofnun telur að framkvæmdir við aðveitustöð og flutningur á 66kV

rafstrengi í nýja stöð verði að skoða sem eina nýja heildarframkvæmd og séu ekki aðskildar framkvæmdir. Framkvæmdin sé að sama skapi í heild sinni leyfisskyld, og hefur Orkustofnun bent á það sjónarmið og hafnaði fyrir í mánuðinum erindi Landsnets um færslu á rafstrengnum vegna ofanflóðavarna á Ísafirði.

Umsókn Landsnets er tilkomin að beiðni Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ofanflóðavarnir undir Gleidrahjalla

á næsta ári. Færslan felur í sér nýja legu 66kV rafstrengs um 2 km kafla. Ætlun Landsnets er að tengja strenginn við spennistöð við Stóruvíð eins og núverandi streng, þannig að engar breytingar eru á þessu stigi fyrirhugaðar varðandi tengingu við spennistöðina. Í svarbréfi Landsnets kemur fram að í samtölum við starfsmenn Orkustofnunar hefur verið bent á að ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun um byggingu nýrrar spennistöðvar,

enda liggi endanleg hönnun og kostnaðaráætlun fyrir spennistöðina ekki fyrir.

Landsnet bendir á að fyrirtækið hafi staðið fyrir ýmsum framkvæmdum við tengivirki, t.d. við Kolviðarhól og Lagarfoss, án þess að leyfi hafi verið veitt fyrir þeim framkvæmdum. Bæjarráð telur að um tvær óskildar framkvæmdir sé að ræða og hefur hvatt Orkustofnun til að endurskoða afstöðu sína svo að um frekari tafir verði ekki að ræða á verkinu.





# Prófaðu nýtt frá Ora Íslensk kjötsúpa

Nú er ný íslensk kjötsúpa frá Ora komin í verslanir. Vörurnar frá Ora endurspegla sanna ástríðu í matargerð. Í 60 ár hafa vörur Ora verið ómissandi á íslenskum heimilum og órjúfanleg hefð íslenskrar matarmenningar. Nýja kjötsúpan frá Ora hvílir á fornum merg, er unnin úr úrvals hráefnum, og er alveg ómóttstæðileg.

*Prófaðu ljúffenga og matarmikla kjötsúpu sem nú er komin í næstu verslun. Íslensk framleiðsla úr hágæða íslensku hráefni.*



Skóðaðu  
ora.is

Fylgstu með  
á Facebook

Skóðaðu tilboðin, uppskriftirnar og fróðleikinn á afmælisárinu á ora.is og fylgstu með Ora á Facebook.



**Íslensk Kjötsúpa**  
Ekta íslensk kjötsúpa sem fæst í næstu verslun.



**Mexíkósk Súpa**  
Kítlaðu bragðlaukana og prófaðu nýja mexíkóska súpu með kjúklingi.



**Gúlassúpa**  
Prófaðu bragðgóða og matarmikla gúlassúpu frá Ora í næstu verslun.



Mundu eftir 60 ára afmæli Ora



# Viðræður vegna bótakröfu í biðstöðu

„Viðræður standa yfir við lögmann Ísafjarðarbæjar, Andra Árnason, en það er lítið að gerast eins og er,“ segir Björn Jóhannesson lögmaður Steingríms Jónssonar bónda að Efri-Engidal í Skutulsfirði. Eins og greint hefur verið frá var öllu búfé Steingríms slátrað í fyrravor í kjölfar díoxínmengunar frá sorpbrennslu-

stöðinni Funa í Engidal. Steingrímur er einn þriggja aðila sem eru að leita réttar sín með aðstoð Lögmannsstofunnar Megin. Nokkrir fundir hafa verið haldnir með lögmanni Ísafjarðarbæjar en erfitt hefur reynst að átta sig á umfangi tjónsins.

Björn segir að verið sé að safna saman gögnum sem styðja bóta-

kröfu bændanna og það geti tekið tíma enda umfangsmikið verk. „Ísafjarðarbær hefur ekki neitað því að vera bótaskyldur, en stigið er varlega til jarðar þegar tjónið hefur ekki verið metið að fullu. Ég vonast til að niðurstaða komi á næstunni og þá munum við skoða hvort leitað verði til dómkvaddra manna og hvort málið

fari fyrir dóm“ segir Björn.

Andri Árnason hæstaréttarlögmaður hjá lögmannsstofunni Juris er lögmaður Ísafjarðarbæjar. Hann segir að málið sé í bið meðan stefnendur fara yfir sín göng og geri formlegar kröfu um skaðabætur. „Engin formleg bótakrafa hefur borist umbjóðanda mínum og því liggur boltinn

hjá Birni Jóhannessyni og umbjóðendum hans. Við getum ekki fyrr neitað eða samþykkt skaðabótaskylduna þar sem krafan sjálf liggur ekki fyrir,“ segir Andri Árnason. Hvorugir lögmennirnir vilja gefa upp tímasetningar á niðurstöðu enda mikil vinna framundan.

– audur@bb.is



## Þórður farinn frá BÍ/Bolungarvík

Markvörðurinn Þórður Ingason, sem leikið hefur með BÍ/Bolungarvík undanfarin tvö ár, leikur ekki með félaginu næsta sumar. Samningur Þórðar við félagið rann út á dögunum og verður ekki endurnýjaður. Þórður kom til liðsins frá KR, en hann hafði áður leikið með Fjölni og Everton á Englandi.

Þórður hefur leiki þrjá leiki fyrir U-17 ára landslið Íslands, nú leiki fyrir U-19 ára landsliðið og fimm leiki fyrir U-21 árs landsliðið.

– gudmundur@bb.is



## Snjóflóðavarnargarður að verða tilbúinn

Vinna við snjóflóðavarnargarðinn undir fjallinu Kubba í Skutulsfirði er á síðustu metrunum. Þessa dagana er unnið að því að þokuleggja, búa til stíga og helluleggja. Einnig hefur grasfræjum verið sáð í garðinn sjálfan að framanverði en næsta sumar verður boðinn út frágangur útivistarsvæði sem ráðgert er við garðinn. Unnið hefur verið við garðinn frá því í maí á síðasta ári og hafa framkvæmdir því staðið yfir í rösklega ár. Sævar Óli Hjörvarsson, verkstjóri hjá Geirnaglanum, sem sér um byggingu varnargarðsins, segir verkinu verða lokið í næsta mánuði. Hann segir að þessa dagana sé unnið að frágangi á bílastæði, setja upp girðingu og frágangi lóða við Stórholt.

– audur@bb.is



Sjóminjasafnið í Ósvör er vinsælt hjá ferðmönnum á skemmtiferðaskipunum

## Söfnin í Bolungarvík halda sínum hlut

Aðsókn að Náttúrugripasafninu í Bolungarvík, Sjóminjasafninu í Ósvör og Grasagarði Vestfjarða í Bolungarvík, hefur haldið sínum hlut í ferðamannastraumnum þetta árið að mati Þorleifs Eiríkssonar, forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða. Ársskýrslur hvers safns fyrir sig koma út í febrúar, mars á næsta ári og þær

gefa endanlega mynd um aðsóknina. Söfnin þrjú eru rekin undir sama þaki og segir Þorleifur að á meðan Náttúrugripasafnið taki til sín fólks sem ferðast á eigin vegum, jafnt íslenska sem erlenda ferðamenn, fari erlendir ferðamenn á vegum skemmtiferðaskipanna frekar í Ósvör.

Aukning hefur verið í Ósvör í

sumar og segir Þorleifur aukninguna tilkomna vegna aukningar á komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar. Grasagarður Vestfjarða er ávallt opinn og þar er ókeypis inn. Því er erfiðara að fylgjast með tölu þeirra sem þangað koma. Þorleifur segir að garðurinn sé mjög vinsæll. Þorleifur segir aðsóknina hafa

minnkað mikið í haust en september hafi verið góður.

„Ferðamannatímabilið er að byrja fyrr og enda seinna,“ segir hann og telur að í apríl ættu ferðapjónustur að opna fyrir þjónustu sína og halda áfram til loka september. „Annað hvort eru menn í þessu að alvöru eða ekki, við ættum að opna allt í skíðavíkunni

og þegar Aldrei fór ég suður hátíðin er því þá er fólk að byrja að koma. Það þarf að vera þjónusta í boði fyrir það fólk sem er að ferðast um Vestfirði og það þýðir ekki að bíða eftir að nægilegur fjöldi fólks komi, það á bara að vera opið.“ Enn fremur vill hann að ferðapjónustur stefni að því að hafa opið allt árið.



**Samkaup**

**úrval**

góðir grannar

Helgartilboð 25. - 28. október

samkaupurval.is



verð áður 2.398 kr

**1.990** kr/kg

**Úrvals svínalundir**

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

...sjá uppskrift  
"Grískir  
svínaskankar"  
handa  
hungruðum  
gestum  
...á  
samkaupurval.is

**Úrvals  
svínaskankar**



verð áður 498 kr

**299** kr/kg



verð áður 1.898 kr

**1.594** kr/kg

**Svínakótelettur**

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

**TILVALIN  
JÓLAGJÖF!**

...sjá  
uppskrift  
"Mangó  
kryddmæk  
(chutney)"



verð áður 1.098 kr

**769** kr/kg

**BBQ kjúklingaleggir**



verð áður 163 kr

**82** kr/stk

**Nýbakað á staðnum!**

Kleinur frá Myllunni

**Lifrarpylsa 2 stk  
ósóðin, frosin**  
frá Goða



verð áður 949 kr

**664** kr/pk

**30%  
afsláttur**

**50%  
afsláttur**

verð áður 486 kr

**Mangó 243** kr/kg



## Sunnudags- bíó í Edinborg

Menningarmiðstöðin Edinborg á Ísafirði hefur ákveðið að sýna myndir úr safnkosti Kvikmyndasafns Íslands, einu sinni í mánuði fram að jólum. Fyrsta sýningin fer fram sunnudaginn 27. október kl. 15 á Edinborg Bistró. Þá verða sýndar kvikmyndir frá árunum 1909, 1920 og 1921. Þar er að finna syrpur úr kvikmyndum sem samanstanda af íslenskum kvikmyndum (1920-21), Konungsbombunni (1921), Fyrsta þúfnabananum (1921) og Þorskveiðum við Íslandsstrendur (1909).

Sýningar Kvikmyndasafns Íslands hafa að undanförnu farið fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Að sögn Ólafar Dómhildar Jóhannsdóttur, verkefnastjóra hjá Menningarmiðstöðinni Edinborg, hafa þær sýningar gengið vel. Kvikmyndasafn Íslands hefur lifað tímanna tvenna og er ástand þess eftir því. Suma hluta safnsins var ekki hægt að nota sökum aldurs og ástands en aðrir voru gerðir sýningarhæfir með skönnun og lágmarks eftirvinnslu. Lögð hefur verið til sérvalin tónlist við þær myndir sem eru þöglar ásamt því að syrpurnar hafa verið snurfusaðar og skýrðar með textaskilum.

## Spurningin

Hefur þú fengið  
flensuna í ár?

Alls svöruðu 447.  
Já sögðu 69 eða 15%  
Nei sögðu 378 eða 85%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**

Hægviðri og vjart, en vestanátt og þykkar upp vestantil um kvöldið. Fremur svalt í veðri.

**Horfur á laugardag:**

Vestlæg, en síðar norðlæg átt með snjókomu eða slyddu um land allt. Svalt í veðri.

**Horfur á sunnudag:**

Útlit fyrir hæga vinda, bjartviðri og kalt.

# Tæplega 50% kjörsókn

Mikill meirihluti kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag vill að tillögur stjórnarlagaráðs verðir lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Kjörsókn á landsvísu var tæp 50%. Í Norðvesturkjördæmi voru 21.240 manns á kjörskrá en 9998 manns kusu, og var kjörsókn því 46,7%. Íbúar í norðvesturkjördæmi og norðausturkjördæmi voru andvígir því að í nýrri stjórnarskrá yrði ákvæði um að jafnt atkvæðavægi, en fylgi var við tillöguna á landsvísu.

Í norðvesturkjördæmi sögðu 54,8% kjósenda já við fyrstu spurningunni, um hvort tillögur stjórnarlagaráðs eigi að vera lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. 69,9% prósent kjósenda í norðvesturkjördæmi töldu að í nýrri stjórnarskrá ættu náttúruauðlindi sem ekki eru í einkaeigu að vera lýstar þjóðareign. Sú tala var lægst í norðvesturkjördæmi, en fyrir allt landið voru 82,9% fylgjandi. Þriðja spurningin snéri að því hvort í nýrri stjórnarskrá ætti að

vera ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi. 64,7% kjósenda sögðu já við því að þjóðkirkjuákvæðið haldi sér, en það hlutfall var hæst á landsvísu.

68,5% kjósenda í norðvesturkjördæmi töldu að í nýrri stjórnarskrá ætti persónukjör að vera heimilað í meira mæli en nú. Sú tala var einnig lægst í norðvesturkjördæmi, en 78,4% kjósenda á landsvísu voru fylgjandi. Einungis 37,9% kjósenda í norðvesturkjördæmi voru fylgjandi því að í nýrri stjórnarskrá yrði

ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar af landinu vegi jafnt. Einungis í norðausturkjördæmi var sú tala lægri, eða 30,5%. Á landsvísu var 66,5% fylgi við tillöguna.

Síðasta spurningin snéri því hvort að í nýrri stjórnarskrá ætti að vera ákvæði um að tiltekið hátt hlutfall kosningabærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. 65,8% kjósenda í norðvesturkjördæmi voru fylgjandi því, en 73,3% á landsvísu. – [gudmundur@bb.is](mailto:gudmundur@bb.is)

# Bygging Fossárvirkjunar í bígerð

Orkubú Vestfjarða hefur auglýst eftir tilboðum í vél- og rafbúnað fyrir Fossárvirkjun sem fyrirhugað er að reisa í Engidal í Skutulsfirði. Virkjunin mun leysa af eldri virkjun í dalnum. Sölvi R. Sólbergsson, framkvæmdastjóri orkusviðs Orkubús Vestfjarða, segir að tíminn til áramóta verði notaður til að undirbúa framkvæmdirnar. „Það eru ákveðnir þættir sem þarf að huga að, eins og að gera staðbundið ofanflóðamat fyrir svæðið, því ekki er til hættumat fyrir svæðið hjá Veðurstofu Íslands. Síðan þarf að skoða hvort mögulegar fornleifar séu til staðar á svæðinu og klára að gera gróðurathuganir,“ segir Sölvi.



Engidalur.

Hann segir mikið ferli þurfa að fara fram áður en Skipulagsstofnun sendir framkvæmdina til umsagnaraðila. Ýmsar stofnanir koma að málinu sem umsagnaraðilar, s.s. Ísafjarðarbær, Veiði-

málastofnun og fleiri. „Yfirleitt þurfa ekki svona litlar framkvæmdir að fara í umhverfismat en sækja þarf um virkjanaleyfi til Orkustofnunar,“ segir Sölvi. Gamla rafstöðin að Fossum tók

til starfa árið 1937 og er því kominn til ára sinna.

Orkubúið mun ekki hrófla neitt við henni, heldur byggja virkjunina á nýjum stað.

– [audur@bb.is](mailto:audur@bb.is)

## Ritstjórnargrein

# Ekki er sopið kálið...

Af niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnarlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlag, sem nær helmingur atkvæðisbærra Íslendinga tók þátt í, fengust nokkuð afdráttarlaus svör við þeim spurningum, sem fyrir þjóðina voru lagðar. Sem við mátti búast örlaði á gamalkunnum viðbrögðum leiðtoga stjórnmálaflokkanna í fyrstu túlkun þeirra á niðurstöðum kosninganna. Þó verður að ætla, og umfram allt að vona, að þeir láti sig varða þær niðurstöður, sem nú liggja fyrir, þótt augljóst megi vera að sitthvað þurfi þar að betrumbæta og endurorða, margra hluta vegna.

Fyrir atkvæðagreiðsluna hefur trúlega fáum komið til hugar að öllum spurningunum yrði svarað jákvætt með jafn afgerandi hætti og raunin varð, utan spurningunni um þjóðkirkjuna, sem eigi að síður fékk 58% stuðning þeirra, sem afstöðu tóku. Augljóslega sýnir það hvaða ítök kirkjan á meðal þjóðarinnar, þótt á móti hafi blásið, og það hressilega, um stundarsakir. Þá verður ekki dregið í efa viðhorf almennings gagnvart spurningunni: Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign? Yfir 80% þeirra er tóku afstöðu svöruðu þessu játandi. Alþingis biður sannarlega vandamt verk hvað fiskveiðistjórnunarmálið varðar. Það gildir ekki lengur að kasta þessu fjöreggi á milli sín af stráskskap. Stuðningur við persónukjör í kosningum til Alþingis og að atkvæði

kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt, kemur ekki á óvart. Hvað hið síðarnefnda varðar hafa stór orð verið höfð uppi um mannréttindabrot og fleira í þeim dúr. Vestfirðingar hafa æði oft verið minntir á þessi umfram mannréttindi, sem þeir eru sagðir hafa. „Hagnaðurinn“ af þeim hefur hins vegar aldrei verið túndaður, enda vandfundinn. Varla ber vegagerð á Vestfirðum eða ástand raforku í fjórðungnum, því vitni að svo hafi verið: Liðlega hálfar aldar gamall vegslóði yfir Dynjandisheiði og fárra mánaða sumarvegur yfir Hrafnseyrarheiði, að ógleymdu ófremdarástandinu sem ríkir á suðurfjörðunum þar sem hagsmunir íbúanna eru látnir víkja fyrir heldur óburðugum trjágróðri; og sakir lítillar og óstöðugrar raforku eru Vestfirðir afskrifaðir hvað staðsetningu orkufrekra fyrirtækja varðar. Í ljósi staðreynda, ekki upphrópana um forréttindi og mannréttindabrot, verður að skoða stöðu landsbyggðarinnar. Þörfin fyrir úrræðum er mismunandi eftir landsvæðum, eins og Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggingastofnunar hefur réttilega bent á. Síndarmennsku stjórnvalda um framtíð dreifbýlisins verður að linna.

Alþingis biður eitt mikilvægasta verk, sem fyrir það hefur verið lagt. Nú verður þingheimur að bretta upp ermar og taka saman höndum: Ávinna sér traust á ný!

s.h.

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Silfurgötu 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is). **Blaðamenn:** Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, [gudmundur@bb.is](mailto:gudmundur@bb.is) · Lísbet Harðar Ólafardóttir, sími 697 4833, [lisbet@bb.is](mailto:lisbet@bb.is). **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is). **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**SJÓFRYST ÝSUFLÖK  
RÖÐ OG BEINLAUS  
1259 KR.KG**

**HAUST SLÁTRUN 2012**  
**BONUS 1389 KR.KG**  
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI

**KJARNAFÆÐI**  
**TILBOÐ KJARNAFÆÐI**  
**SPAR HAKK**  
FRÁ KJARNAFÆÐI  
FROSID SPARHAKK  
620 GR RULLA  
**359 KR.**

**BESTU KAUPIN  
Í KJÚKLINGABRINGUM  
Í BONUS**

**KYCKLINGFILE**  
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%  
900 g e

FROSNAÐ 900 GR  
KJÚKLINGABRINGUR  
**1498 KR.PK**

**HAUST SLÁTRUN 2012**  
**BONUS 1879 KR.KG**  
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR

**BONUS**  
**SKINKA ÚR GRISALÆRI**  
**998 KR.KG.**  
BÓNUS BAJONSKINKA

**WHEAT FLOUR**  
TARWEELDOME  
1kg e

EUROSHOPPER  
HVEITI 1 KG.  
**98 KR.**

**ROLLED OATS**  
HÄVERMÖLT - FLOCOS DE AVEIA  
500 g e

EUROSHOPPER  
HAFRAMJÖL 500 GR  
**98 KR.**

**BONUS KAFFI**

**BÓNUSKAFFI**  
**398 KR. 500 GR**

**Ali 698 KR.KG.**  
ALI FERSKUR GRISABÓGUR

**NAUTA Veisla**  
**Ferskt hakk**  
**1295 KR. KG** **100% KJÖT**

**NAUTA Veisla**  
**FERSK NAUTA-PIPARSTEIK**  
**1998 KR. KG**

**NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIÖT**  
BONUS  
HANGIFRAMPARTUR ÖRB.  
FRÁ KJARNAFÆÐI  
KOFAREYKTUR ÖRB.  
HANGIFRAMPARTUR  
**1798 KR. KG**

**BÓNUS LÚXSUSSKINKA**  
EKKERT VIBÆTT VATN  
**359 KR.**

**REYKT SILKISKORIN SKINKA**  
TVAER TEGUNDIR - 120 GR BOX  
**BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.**  
**BONUS Kornbrauð**  
**198 KR.**

**100% HREINN SAFI**

**BONUS**  
APPELSÍNUSAFI  
**BONUS**  
EPLASAFI  
**129 KR.**  
EPLASAFI OG APPELSÍNUSAFI  
100% HREINN SAFI 1 LTR.

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur



# Bakarafjölskyldan á

Rósa Þorsteinsdóttir hefur starfað með eiginmanni sínum í Gamla bakaríinu frá því að þau voru unglingar. Fjölskyldan hennar á Engjavegi 10 er sannkölluð bakarafjölskylda en auk þeirra hjóna starfa börn þeirra tvö í bakaríinu. Rósa sagði blaðamanni BB frá uppruninum á Ísafirði, ávöxtunum í gróðurhúsinu og riddurum sínum.

„Kjáni get ég verið,“ hugsa ég með sjálfum mér þegar ég sest niður í eldhúsið hjá Rósu á Engjavegi 10. Ég er nýbúin að sporðrenna pylsu í Hamraborg en Rósa hleður ómótstæðilegu bakkelsi á eldhúsborðið. „Þú verður að prófa þessar hafraklatta,“ segir hún. „Þær eru nýkomnar í sölu í bakaríinu.“

„Hér er tilraunaeldhúsið. Mér þykir mjög gaman að prófa mig áfram hérna heima og stundum er afraksturinn tekinn og fjöldaframleiddur í bakaríinu. Svo bý ég líka til marmelaði og er búin að gera í mörg ár,“ segir Rósa á meðan ég set stóra skeið af appelsínumarmelaði á rúnnstykki, en á boðstólnum er líka gulrótarmarmelaði. „Þá bý ég líka til allskyns sælgæti fyrir jólin og það hefur verið töluvert vinsælt.“

Fyrir utan eldhúsgluggann blasir við stórt gróðurhús. „Er uppskeran öll komin í hús,“ spyr ég. „Já, hún fer að verða það,“ segir Rósa og lyftir upp tveimur myndarlegum perum. „Ég er að tína inn síðastu perurnar og svo eru enn hangandi nokkur epli. Þetta var góð uppskera í ár sérstaklega voru kirsuberin og plómurnar gómsæt. Við byggðum gróðurhúsið 1987 og höfðu þá ekki margir trú á að hægt væri að rækta ávaxtatré í húsi með enga hitun og það á Ísafirði. En okkur hefur tekist að rækta hérna m.a. kirsuber, plómur, epli, perur og apríkósur.“

## Uppruninn á Ísafirði

„Faðir minn hét Þorsteinn Jóakimsson og var bifreiðarstjóri hér á Ísafirði. Hann var Vestfirðingur í húð og hár og fæddist í Hnífsdal. Mamma hét Bríet Theodórsdóttir og vann lengi hjá Pósti og síma og síðar hjá Útvegsbankanum.“

Mamma er Norðlendingur í föðurættina og fluttist frá Ólafsfirði til Ísafjarðar með fjölskyldu sinni þegar hún var sextán ára. Móðurafi minn Theódór var skipasmiður og starfaði lengi hjá Marselúsi. Hann spilaði líka á fiðlu og lék fyrir dansi hér á bóllum áður fyrr og var þess vegna

oft kallaður Teddi fiðla. Hann dó ungur, þegar ég var ekki nema sjö ára, en ég man mjög vel eftir honum. Hann og amma bjuggu með okkur í Hrannagötu 3, þau á efri hæðinni og við fjölskyldan niðri. Það var gott að hafa ömmu og afa í húsinu. Mér fannst hins vegar rosalega langt ferðalag að heimsækja ömmu og afa í föðurlegg, en þau bjuggu inn á Stakkanesi.

Pabbi byggði seinna hús á Seljalandsvegi 68 og við fluttum þangað árið 1962. Þá fannst mér líka afskaplega langt að fara í skólann. Ég man að ég var alltaf að taka tímann og reyna að finna stystu leiðina en ég náði aldrei betri tíma en korteri. Þá var náttúrulega enginn strætó en maður fékk oft far með pabba þegar hann var að fara í vinnuna.

Við vorum hins vegar ekki lengi á Seljalandsvegi því árið 1967 fluttum við til Reykjavíkur. Við vorum þar þó ekki nema í einn vetur. Pabba langaði til að prófa nýja vinnu og flytja suður, en það gekk ekki upp. Okkur líkaði ekki nógu vel að búa fyrir sunnan og við fluttum aftur heim. Fjölskyldan flutti þá á Urðarveg 4 og þar bjó ég þar til ég flutti að heiman.

Við erum fjögur systkinin en ég er nú sú eina í hópnum sem býr enn á Ísafirði. Friðgerður, yngsta systir mín, flutti suður fyrir þremur árum, en hún vann hér síðast í Gullauga. Elsta systir mín heitir Sigurbjörg og starfar sem bókhaldari hjá Nóa Siríus. Svo er það Gunnar Theódór, eða Teddi eins og hann er alltaf kallaður, en hann er bifvélavirki. Teddi átti reyndar stundum erfitt uppdráttar í þessum systrahóp. Við stríddum honum oft og ég man að við fengum nú oft að heyra frá honum pabba: Verið nú góðar við hann Tedda litla, hann er nú eini bróðir ykkar. Ég fékk nú líka finna fyrir því, en við Sigurbjörg deildum herbergi á Seljalandsveginum og hafði ómældan áhuga á að stríða mér og þurfti pabbi stundum að ganga á milli. Í dag erum við náttúrulega mjög góðar vinkonur,“ segir Rósa og hlær.

## Varmaland og Danmörk

„Ég byrja að vinna í bakaríinu hjá Ruth heitinni þegar ég var sautján ára og Árni var þar auðvitað að læra til bakaraméistarans. Það fór vel á með okkur og fljótlega urðum við par og

höfum verið æ síðan.

Ég fékk svo frí frá bakaríinu í einn vetur og fór í Húsmæðraskólann í Varmaland í Borgarfirði. Þetta var gamall draumur minn. Ég hafði engan áhuga á að fara í frekara bóklegt nám en ætlaði mér alltaf að fara í húsmæðraskóla og ég lét það rætast.

Þetta var strangur skóli og á hverjum morgni þurftum við að mæta í pressuðum slopp með nýstraujaðar nælonsvuntur og stífdan kappa á hausnum. Svo var okkur skipt niður í tvö holl. Annar hópurinn í matreiðslu og þar kynntumst við vel hefðbundnu íslensku eldhúsi; taka slátur og hamfletta rjúpur og þar fram eftir götunum, og við elduðum allan okkar mat sjálfar. Hinn hópurinn var svo í handavinnu og heimilishaldi, en þar lærði maður að þrjóna og vefa, þvo þvott og setja upp veislur og annað slíkt.

Þetta var mjög skemmtilegur tími og ég á enn góðar vinkonur sem voru með mér á Varmalandi því auðvitað voru eingöngu stelpur í skólanum,“ segir Rósa og brosir.

Garðurinn við Engiveg 10 er fallegur og svo er mikil gróska í stóra gróðurhúsinu. Ég spyr Rósu hvort áhuginn á ræktun hafi byrjað á Varmalandi.

„Nei, ekki get ég sagt það. Ég var ekkert að spá í ræktun sjálf fyrr en á seinni árum þegar við Árni byrjuðum að búa saman. Þannig að ég lærði þetta eiginlega bara af honum. Árni vann við skógrækt með danska skógræktarmanninum Martinus Simson í Tungudal. Simson var mikill frumkvöðull hér í skógrækt og fékk til sín fjöldann allan af unglingum í bæjarvinnunni til þess að gróðursetja og þarna kynntist Árni fyrst ræktun og gróðursetningu. Simson og var mjög merkilgur maður og það gladdi mig í morgun þegar ég sá í póstinum að það á að opna ljósmyndasýningu með myndum hans á næstunni.“

Rósa og Árni eru rótrónir Ísfirðingar og spyr hvort hún hafi alltaf búið í bænum fyrir utan þennan eina vetur í Reykjavík þegar hún var tólf ára.

„Næstum því,“ svara Rósa. „Ég og Árni fórum til Danmerkur árið 1978 og bjuggum í úthverfi Kaupmannahafnar í rúmt hálft ár. Það var mjög skemmtilegur tími og ómetanleg lífsreynsla. Árni var að vinna í bakaríi og ég vann í verksmiðju þar sem ég saumaði olíupakkningar þannig þetta var eitthvað allt öðruvísi en

ég var vön að gera. Þarna úti kynntumst við móðurfjölskyldu Árna mjög vel. Við umgengumst mikið afa hans og ömmu enda bjuggum við svo að segja í næsta húsi við þau,“ segir Rósa

## Börnin og ættleiðingar

„Það var mikil blessun að þessi leið var okkur fær og að hún sé enn opin þeim sem ekki geta eignast börn,“ segir Rósa þegar talið berast að barneignum. „Það var ekki fyrr en ég var orðin 29 ára, árið 1983, að við eignuðumst Jóakim en við ættleiddum hann frá Indónesíu. Tveimur árum seinna eignumst við svo Bríeti Ruth sem var ættleidd frá Sri Lanka. Þetta var á þeim árum þegar ættleiðingar utan úr heimi voru að ryðja sér til rúms og það var nýbúið að opna fyrir ættleiðingar frá þessum löndum.“

Bríet og Jóakim búa bæði á Ísafirði. „Það er svo gott að búa hérna hjá okkur að þau sjá engan tilgang í því að flytja út,“ segir Rósa og hlær. „Við erum mjög þakklát fyrir að fá að hafa þau hérna hjá okkur. Jóakim er bakari og starfar við hlið pabba síns í bakaríinu og svo vinnur Bríet líka í afgreiðslunni, en hún fór í leiklistarskóla í Kanada 2007 til 2009 og ætlar í frekara nám næsta haust.“

## Gamli bílinn og saga Ísafjarðar

Fyrir utan húsið á Engjavegi 10 stendur gamli Fordinn sem er merktur bakaríinu í bak og fyrir. Ég spyr hvort hvernig það kom til að þessi forlái bíll hafi komist eigu þeirra hjóna.

„Það var hálfgerð tilviljun að við keyptum þennan bíl. Þannig var að við vorum í frí í Norður-Englandi og rákumst þá á þennan bíl í litlum bæ sem heitir Keswick. Þar stóð þessi bíll fyrir utan lítið kaffihús og með til-sölu skilti í glugganum. Við bráðnuðum bæði þegar við sáu þennan falllega dúkkubíl og sáu strax að hann myndi sóma sér vel á Silfurtorginu fyrir framan bakaríið. Og það var úr að við festum kaup á bílnum. Svo fórum við heim og fararstjórnin sem var með okkur í ferðinni sá um að koma bílnum í skip.

Um daginn fengum við hins vegar skemmtilega fyrirspurn í tölvupósti frá bæjarblaðinu í Keswick. Þannig var að ferðamenn frá Keswick heimsóttu Ísafjörð í sumar og tóku mynd af bílnum.

Þegar ferðalangurinn kom heim var hann að sýna myndir úr ferðinni og þá þekkti einhver bílinn. Við svörðum þessum blaðamanni í gær, sendum honum myndir og róktum í bréfinu sögu bílsins frá því að hann fór frá Keswick,“ segir Rósa.

„Svo sáu við smáauglýsingu í blaðinu fyrir um 12 árum síðar þar sem annar svona Ford bíll var til sölu. Sá bíll var á Akureyri en hafði staðið óhreyfður í fjölda mörg ár. Það vantaði í hann rúður og annað en eigandinn fullyrti að vélin og girkassinn væri í góðu lagi. Þannig það var úr að við keyptum hann og hann kom hingað með skipi. Svo fengum við Jóhann Pétur og Dúdda á bílaverkstæðinu til þess að gera bílinn upp og það gerðu þeir með miklum sóma,“ segir Rósa.

Bílarnir tveir hafa prýtt Ísafjarðarbæ í mörg ár en þeir hafa einnig gegnt öðrum hlutverkum. Í mörg ár hafa Árni og Rósa boðið eldri borgurum Ísafjarðarbæjar í bíltúr á gamla Fordinum.

„Þetta byrjaði þanig að tengdamóðir mín bauð alltaf gamla fólkinu á dvalarheimili aldraðra til sín í sumarbústaðinn á sumrin. Þetta gerði hún í fimmtíu ár og fékk alltaf leigubílsstjóra til þess að ná í gamla fólkið og svo komu hjúkrunarkonur líka með. Þarna sat fólkið og gæddi sér á rjómatertu á meðan tengdapabbi spilaði á harmónikkuna.

Seinna byrjaði Árni að keyra fólkið inn í skóg og þá byrjaði hann að taka myndir af fólkinu. Nú á hann orðið safn af myndum af öllum eldri borgurum bæjarins síðustu áratugi,“ segir Rósa.

Gamlir bílar eru ekki það eina úr fortíðinni sem hjónin hafa safnað að sér í gegnum tíðina. Á veggjum á Engivegi hanga teiknaðar myndir af mannlífi á Ísafirði frá ýmsum tímum. Ég spyr hvaðan þessar teikningar koma.

„Við Árni komumst aldrei í frí á sumrin þannig við höfum farið í okkar utanlandsferðir um háveturinn, oftast í janúar. Það er fastur liður í þesum ferðum okkar að taka með okkur gamlar myndir og fá svo götumálara á torgunum til þess að mála eftir þeim. Nú er þetta orðið nokkuð gott safn og það má sjá sýnishorn af þessum myndum í bakaríinu.“

Rósa segir áhuga þeirra hjóna á sögu Ísafjarðarbæjar hafi farið stigvaxandi í gegnum árin. „Þetta er kannski tilkomið vegna þess hve mörgum eldri borgurum við höfum kynnst í gegnum tíðina ekki síst fyrir tilstuðlan tengda-



# Engjavegi





mömmu. En stundum finnst mér Ísafjarðarbær ekki hlúa nægilega að þessari sögu, eins og t.d. Siggakofa sem stendur við snjóflóðavarnargarðana fyrir neðan gönguskíðasvæðið.

Þetta er fallegur hlaðinn kofi sem er merkileg heimild um gamla tíma. Siggi þessi sem kofinn er kenndur við var geitasmali. Hann rak geiturinnar upp í hlíðina yfir daginn og reisti þennan kofa til þess að dvelja í á meðan hann fylgdist með geitunum. Svo rak hann geiturnar aftur niðri bæ um kvöldið. Mér finnst að það vanta að kofanum sé haldið við og svo ætti að reisa skilti sem segir þessa merkilegu sögu. Ég hef nefnt þetta við nokkra bæjarfulltrúa en því miður hefur ekkert verið gert. Ísafjarðarbær mætti vera meira vakandi yfir umhverfinu, t.d. finnst mér skrítið að það skuli ekki vera skilti á gangstéttinni fyrir fram gamla sjúkrahúsið sem rekur sögu þess.

## Hlaupadrottningin og riddararnir

„Það leiðilegasta sem ég gerði í skóla var að fara í leikfimi,“ segir Rósa þegar ég spyr hann út í hlaupaferilinn, en hún og Árni stunduðu hlaup af miklum krafti um árabíl. „Það var ekki fyrr en ég var orðin 39 ára að ég fékk áhuga á hlaupum og það var fyrir algjöra tilviljun. Þeir Halldór Sveinbjörnsson og Hrafn Snorrasson byrjuðu að hlaupa saman árið 1993 og auglýstu svo að þeir ætluðu að stofna hlaupahóp og allir væru velkomnir. Þá var ég í konuleikfimi hjá Guðríði eða Ranný, en langaði til þess að taka þátt í hópnum þeirra Dóra og Krumma. Ég segi við Árna að ég ætlaði að fara að hlaupa með strákunum og spyr hvort hann vilji ekki koma líka. Það varð úr að við byrjuðum að hlaupa saman.

Þá um sumarið var svo fyrsta Óshlíðarhlaupið haldið og þá hljóp ég 10 kílómetra. Síðar um sumarið er Reykjavíkumaraþonið haldið og þá hafði Krummi skráð okkur í hlaupið sem sveit. Þá þurfti hann að finna nafn á sveitina sem hann gerði á staðnum og kallaði hana Riddarar Rósu. Ég frétti ekkert af þessu fyrr en miklu seinna, en nafnið var tilkomið af því að ég var eina konan í hópnum.

Við Árni féllum alveg fyrir hlaupinu og vorum á tímabili mjög virk. Félagsskapurinn er mjög góður og ég vona að ég hafi orðið fleira kvenfólki hvatning í hlaupunum. Riddurunum hefur fjölgað mikið og hópurinn eflst, sérstaklega eftir að við fengum þjálfarana okkar, hana Mörtu Ernst og Jón Odds. Við höfum farið nokkrar utanlandsferðir til þess að hlaupa. Aldamótaárið fórum við til Danmerkur og hlupum hálfmaraþon yfir brúna til



Svíþjóðar. Fimm árum seinna endurtókum við þann leik og hlupum aftur yfir brúna. Svo höfum við hlaupið í Amsterdam, Sviss og Búdapest. En ég hef tvisvar hlaupið heilt maraþon í Reykjavík og í heildina keppt í yfir 40 hálf maraþonum. Toppurinn var seinna heila maraþonið mitt árið 2002 sem var mjög skemmtilegt hlaup. Ég náði þar mjög góðum tíma og lenti á verðlaunapalli.

Ég hætti svo að hlaupa fyrir þremur árum. Það var svoldið erfitt í fyrstu en ég er búinn að setta mig við það núna. En í staðin hef ég snúið mér meira að

gönguskíðunum og á veturna grípum við hvert tækifæri sem gefst til þess að komast upp á okkar frábæra skíðasvæði. Við hjónin höfum farið þrisvar til Svíþjóðar og tekið þátt í svokallaðri Vasagöngu. Árni gekk 90 kílómetra en ég lét mér nægja að ganga hálfu göngu eða 45 kílómetra. Eitt skiptið ætlaði ég þó að ganga heila göngu, en hætti við á síðustu stundu. Ég var svo hrædd um að ef ég myndi ganga alla leiðina þá fengi ég nóg af íþróttinni og færi aldrei aftur á skíðin,“ segir Rósa og hlær.

## Eiga skap saman

Rósa og Árni hafa verið saman frá unglingsaldri og ekki nóg með það, því þau hafa starfað saman í bakarínu jafn lengi, auk þess sem þau hafa deilt saman áhugamálum.

„Við höfum hjálpast mikið að í bakarínu. Bæði hef ég starfað við hlið hans á annatímum við baksturinn og hann hjálpaði mér mjög mikið þegar ég var í afgangslunni. Núna í seinni tíð hef ég hins vegar nær alfarið haldið mig á skrifstofunni. Nú er ferðamannastraumurinn orðinn svo mikill á sumrin að við höfum haft opið á sunnudögum. Þá höfum við hjónin verið saman tvö


og mætum þá niður í bakarí klukkan fjögur á morgnana. En þetta hefur gengið mjög vel hjá okkur hjónum enda erum við samrýmd og eigum skap saman.

Við lítum framtíðina björtum augum. Bakaríð gengur vel og aukinn ferðamannastraumur á sumrin hefur verið mikil lyftistöng. Áður vorum við alla páska á skíðum en nú eftir að Aldrei fór ég suður tónlistarhátíðin varð fastur liður hefur páskaheggin orðið ein annasamasta helgi ársins. Þetta er mjög jákvæð þróun og ég hef trú á því að ferðapjónustan aukist enn frekar,“ segir Rósa að lokum.



## Að sjá verðmæti...

Þar sem aðrir sjá þau ekki er einn dýrmætasti hæfileiki sem fólk býr yfir. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem hafa þennan hæfileika að þroska og framkvæma hugmyndir sínar, samfélaginu öllu til hagsbóta.



Matis er öflugt þekkingarfyrtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsóknar-, þjónustu og nýsköpunarstarfi. [www.matis.is](http://www.matis.is)





# Bolungarvík á uppleið

„Við höfum tekið eftir þessari fjölgun og hún sést aðallega í aukinni eftirspurn eftir húsnæði,“ segir Elías Jónatansson bæjarstjóri í Bolungarvík, en íbúum í Bolungarvíkur hefur fjölgað um 20 síðan á fyrsta fjórðungi ársins samkvæmt tölum Hagstofunnar. Elías segir að opnun Bolungar-

## Krefjast niðurfellingar

Íbúðalánasjóður hefur farið þess á leit við Ísafjarðarbæ að fasteignagjöld verði felld niður af fjórtán skráðum íbúðum að Sundstræti 36. Ennfremur krefst sjóðurinn þess að leiðrétting verður gerð á skráningu eignanna. Íbúðalánasjóður leysti til sín eignina Sundstræti 36 á nauðungarsölu árið 2007. Sjóðnum hefur borist innheimtuviðvörðun vegna 14 skráðra íbúða á áðurnefndu heimilisfangi. Mótælir sjóðurinn álagningu gjaldanna þar sem ekki er íbúðarhúsnæði í fasteigninni.

Íbúðalánasjóður krefst þess einnig að skráning fasteignarinnar verði leiðrétt í fasteignarskrá hjá Þjóðskrá Íslands af sömu ástæðu.

## smáar

Tilsölu er Nissan Almera, ekinn 161 þús. km, beinskiptur. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 898 9827.



víkurganga spili stórt hlutverk í þessari fjölgun. „Þessi fjölgun kemur okkur ekki á óvart og í raun var búist við henni með tilkomu gangnanna. Fólk er njóta þess hvað samgöngurnar eru orðnar góðar.“ Að sögn Elíasar hefur fasteignaverð hækkað í Bolungarvík á undanförunum árum og kemur til með að hækka enn frekar.

„Hér er orðin meiri eftirspurn eftir húsnæði og því hækkar verð-

ið,“ segir Elías, og bætir því við að bygging íbúðarhúsnæðis fyrir eldri borgara í Bolungarvík komi til með að losa mörg einbýlishús í bænum og koma þeim á fasteignamarkaðinn. „Þá mun losna um húsnæði fyrir yngri fjölskyldur.“ Vegna nálægðar sinnar við góð fiskimið hefur Bolungarvík alla tíð verið útgerðarbær. Elías segir atvinnumálin vissulega skipta miklu máli þegar fólk velur sér búsetukost og því séu bæjar-

yfirvöld uggandi yfir hækkun veiðigjalds. „Við höfum miklar áhyggjur þegar gerðar eru breytingar í okkar undirstöðugrein, sjávarútveginum.“

Aðspurður um hvort aðrar atvinnugreinar séu á uppleið í Bolungarvík nefnir Elías ferðaþjónustu. „Það er mikil nýsköpun í gangi í ferðaþjónustunni hér í bæ. Við merkjum vel að hér koma fleiri ferðamenn ár frá ári, bæði á eigin vegum og frá ferðaskrif-

stofum.“ Elías vonast til þess að þessi þróun haldi áfram í bænum, og Bolungarvík komist aftur yfir 1000 íbúa múrinn, en í dag búa 920 íbúar í bænum. „Flestir bjuggu í Bolungarvík um miðbik níunda áratugarins, þá fór talan upp í 1298 þegar hæst lét. Ég geri mér vonir um að íbúum fjölgi nú jafnt og þétt,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

— gudmundur@bb.is

## Hæst hlutfall innflytjenda á Vestfjörðum

Hlutfall innflytjenda, miðað við mannfjölda, var hæst á Vestfjörðum í upphafi þessa árs eða 13,4%. Næst hæst er hlutfallið á Suðurnesjum eða 12,4% en lægst er hlutfallið á Norðurlandi eða um 5%. Alls voru skráðir 845 innflytjendur í sveitarfélögunum nú á Vestfjörðum í upphafi árs-

ins. Einungis einn innflytjandi býr í Árneshreppi, en 483 í Ísafjarðarbæ. Frá árinu 2000 hefur innflytjendum í Ísafjarðarbæ fjölgað um 174. Frá árinu 2000 hefur innflytjendum á Vestfjörðum fjölgað hlutfallslega mest í Bolungarvík, en þeir eru nú skráðir 129 en voru 74 um

síðustu aldamót.

Samkvæmt viðmiðum Hagstofunnar er innflytjandi einstaklingur sem er fæddur erlendis og af foreldrum sem eru líka fæddir erlendis, sem og báðir afar og ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi af foreldrum sem

eru báðir innflytjendur. Fólk er talið með erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Í upphafi þessa árs voru 25.442 innflytjendur á Íslandi eða 8% mannfjöldans. Það er fækkun frá árinu áður, en þá voru innflytjendur alls 25.693, eða 8,1% landsmanna. — gudmundur@bb.is

## Pólitískur heiðarleiki

### Stakkur skrifar >

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðar-menn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Í framhaldi skoðanakönnunar um síðustu helgi sem sumir nefna kosningar verður ekki hjá því komist að velta fyrir sér hversu trúir og sannir stjórnmálmennt séu kjósendum sínum. Sá trúverðugleiki er stundum lítill og skiptir ekki máli hver flokkurinn er. Hver trúir því lengur að Vinstri grænir séu á móti aðild að Evrópusambandinu eða að Samfylkinginn sé fylgjandi norrænu velferðarríki og hvað þá aukningu atvinnu. Sjúkrahús drabbast niður. Tækjabúnaður gengur úr sér og varið er milljörðum króna til alls kyns æfinga með stjórnskrá Lýðveldisins Íslands.

Hver trúir því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi sagt skilið við hrúnverja. Forystumenn hans hafa verið tengdir beint og óbeint við það sem gerðist fyrir hrún og bankamenn sem allt settu á höfuðið. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fyrrverandi varaformaður þess góða flokks ákvað að láta staðar numið í stjórnmálum, en samt var ekki að finna neina iðrun eða vonbrigði með hvernig fólk í kringum hana tengdist hrúninu. Stórlán voru veitt en síðan afskrifuð meðan almenningur er að kikna undir byrðum hárra vaxta og verðbólgu. Engin þorir að segja formanni Sjálfstæðisflokksins að í hugum margra njóti hann ekki nægilegs trausts.

Framsóknarflokkurinn hefur alltaf verið tengdur peningaöflum lengst af sinni tíð. Formaður hans Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur sýnst vera nokkur einfari og hefur fallið í þá gryfju að skreyta sig með óloknum prófgráðum líkt og reyndar annars flokks borgarfull-

trúi. Hann er að auki sonur manns sem margir velta fyrir sér hvernig hafi eignast fyrirtæki sem hann hefur stórgrætt á. Nú kann einhver að segja hvaða andskotans öfund er þetta? En málið er eð hún ríður nú um samfélagið og ræður of miklu um það hvernig kaupin gerast á Eyrinni. Að auki ber hann ábyrgð á núverandi ríkisstjórn að mati margra. Trúverðugleikinn er því af skornum skammti úti í þjóðfélaginu. Hinn almenni borgari treystir lítt stjórnmálamönnum sem nú fara fyrir á Íslandi. Hvers vegna ætti hinn almenni kjósendi að gera það? Þeir láta kjósa sig á þing fyrir einn flokk og yfirgefa hann þegar þeim þykir betra bjóðast annars staðar.

Enginn stjórnmálaflokkur er trúverðugur nú um stundir. Gildir það jafnt um þá flokka sem fara fyrir ríkisstjórn og alþingi og hina sem eru í stjórnarandstöðu, að ekki sé talað um þá nýju sem rísa upp með brottflúnum stjórnmálamönnum úr gömlu flokkunum. Það verður að segjast eins og er að það getur ekki verið að dugi til að slá ryki í augu skyni borinna kjósenda að efna til skoðanakönnunar um óljósar en vafalaust vel meintar hugmyndir um að einstökum hópum fólks skuli sérstaklega tryggður réttur fyrir sig í stjórnskrá.

Hinn almenni borgari vill að allir séu jafnir og að stofnanir þjóðfélagsins vinni eftir því eins og flestar ef ekki allar gera, að minnsta kosti stundum. En alþingi, ríkisstjórn og stjórnmálamenn eiga að sýna heiðarleika.





Hlíf, íbúðir eldri borgara á Ísafirði.

# „Munaði litlu að hún yrði úti“

„Það mátti engu muna að þessi gamla kona yrði úti og einungis tilviljun réði því að við sáum hana,“ segir starfsmaður Menntaskólans á Ísafirði, sem fyrir stuttu kom að aldraðri konu sem hafði villst burt frá heimili sínu, en hún býr í einum af íbúðum eldri borgara á Hlíf. Íslenskir og franskir menntaskólanemar voru þá samankonir í mötuneyti Menn-

taskólans á Ísafirði í kveðjuhöfi, en frönsku nemendurnir höfðu dvalið í skólanum í vikutíma. Um tíuleytið sér starfsmaður skólans aldraða konu á gangi fyrir utan skólann, klædda aðeins í örþunna blússu.

„Mikill kuldi var úti og var konan mjög köld og illa áttuð. Hún var aðframkomin af kulda og þreytu og ekkert annað en

algjör tilviljun réði því að við urðum hennar vör, enda er fólk vanalega ekki í matssalnum í skólanum á þessum tíma kvölds,“ segir starfsmaðurinn. „Hún sagði mér að hún hafi verið lengi á ferðinni og ljóst er að hún hefði ekki þolað mikið lengri vist úti í kuldanum.“ Að sögn starfsmannsins kvaðst konan hafa verið læst úti. Hringt var í lög-

reglu og liðsinni fengin til að koma henni til síns heima, þar sem hlúð var henni og reynt að fá í hana hita.

Viðmælenda blaðsins var mjög brugðið þegar blaðamaður Bæjarins besta hafði samband við hann og þótti skelfilegt að hugsa til þess að svona lagað gæti gerst. „Okkur var öllum mjög brugðið og það er ótrúlegt að svona geti

átt sér stað. Að það skuli ekki vera starfsfólk sem hefur eftirlit eða er til aðstoðar þessu gamla fólki, er til skammar.“ Taka skal fram að Hlíf eru íbúðir fyrir eldri borgara en ekki hjúkunarheimili. Umsjónarmaður með málefnum aldraðra hjá Ísafjarðarbæ vildi ekki tjá sig um málið, þar sem hann heyrði það fyrst frá blaðmanni Bæjarins besta.

# „Hlíf er ekki dvalarheimili“

„Því miður koma upp tilfelli sem þessi, bæði þegar það var næturvakt á þjónustudeildinni, og nú í dag og erfitt er að koma í veg fyrir þetta,“ segir Margrét Geirsdóttir sviðsstjóri félagsmálasviðs Ísafjarðarbæjar. Frá því er greint hér í blaðinu að íbúi á Hlíf hefði villst burt frá heimili sínu og

fundist köld og hrakin fyrir utan Menntaskólann á Ísafirði fyrir tilviljun. Engin sólarhringsþjónusta er fyrir íbúanna á Hlíf, enda er þar ekki rekið dvalarheimili eða þjónustudeild. „Fyrir nokkrum árum var þjónustudeild á efstu hæðinni á Hlíf sem var í rauninni dvalarheimili. Þá sinnti nætur-

vörður öryggisgæslu sem kom sér auðvitað vel fyrir aðra heimilismenn Hlífar,“ segir Margrét, en eftir að þjónustudeildinni lokaði er næturvörslu ekki sinnt.

„Atburðir sem þessir eru leiðinlegir en þeir gerðust líka þegar næturvörður var hér. Þetta fylgir því einfaldlega þegar fólk býr í

frjálsu íbúasamfélagi. Í raun er Hlíf eins og hvert annað íbúðarhúsnæði,“ segir Margrét, en innangurinn að Hlíf lokast klukkan 22 á kvöldin. Þó getur fólk komist inn í andyri húsnæðisins eftir það. „Á meðan þetta er ekki dvalarheimili sinnum við ekki sólarhringsþjónustu. Þó verður að taka

fram að mjög góð þjónusta er við Hlíf, t.d. frá slökkviliðinu. Við höfum unnið að því undanfarin ár að gera aðstæður eins öruggar og hægt er. Næsta skref er að kaupa bjöllukerfi í húsið, en núna hvetjum við íbúanna til að vera með öryggishnappanna á sér.“

– gudmundur@bb.is

# Athugasemdir vegna umfjöllunar um pósthjónustu á Bíldudal og á Flateyri

„Íslandspóstur leggur mikla áherslu á að tryggð verði samþætt þjónusta við íbúa svæða þar sem loka hefur þurft pósthúsum vegna brostinna rekstrarskilyrða. Landspóstur mun taka við pósthjónustunni á þessum svæðum og sjá um að dreifa og taka við pósti og sendingum og veita þannig samþættu þjónustu við þá sem er í boði í pósthúsum. Þessi þjónusta verður kynnt íbúum þegar nær dregur. Ástæða lokunnar pósthúsanna á Bíldudal og á Flateyri liggur í fyrst og fremst í fækkun á póstafrgreiðslum en þær voru að jafnaði orðnar aðeins um 10 á dag,“

segir í tilkynningu frá Íslandspósti vegna umfjöllunar blaðsins um lokun pósafrgreiðslanna á Bíldudal og á Flateyri.

„Íslandspóstur skilur þó vel áhyggjur íbúa sem koma til vegna þessara breytinga og birtast í frétt á bb.is. Fyrirtækið fagnar umræðu um málin og telur mikilvægt að svara spurningum sem vakna og að hið rétta komi fram.

Það er rangt að það taki að allt að viku að senda bréf eða pakka með pósti milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar. Rétt eins og allsstaðar annarsstaðar á landinu er B-póstur afhentur viðtakanda þremur virkum dögum eftir að hann er

póstlagður. Það er hinsvegar ljóst að slíkar reglur eru ekki algildar, samgöngur geta verið með þeim hætti að því verði ekki komið við og óhöpp geta átt sér stað. Allir sem að málum koma verða að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Einnig verður að hafa í huga að ekki er dreift um helgar hjá Póstinum, neins staðar á landinu.

Varðandi stöðugildi sem lögð voru niður þá réð breyting á pósthöfðunum engu þar um heldur einfaldlega sú staðreynd að færri nýta bréfaþótt nú en áður.

Tækniþróun ræður þar mest um en flokkun á pósti í pósthöfðunum

er ekki það stór hluti starfsins að það standi undir heilu stöðugildi.

Þá má benda á að ákveðins misskilnings gæti í orðum Finnboga Sveinbjörnssonar í viðtali á bb.is þegar hann segir að „Bandaríkjamenn hafi ekki einkavætt póstin eins og við höfum gert á Íslandi og þá fari allt til fjandans.“ Hið rétta er að Íslandspóstur er 100% eigu íslenska ríkisins og nýtur engra ríkisstyrkja. Og rétt eins og hér á landi er pósthjónustan í Bandaríkjunum að takast á við fækkun póstsendinga vegna tækniframfara. Þar hefur verið tilkynnt um lokun á helmingi allra pósthöfðunum

unarstöðva og um uppsagnir tugþúsunda starfsmanna.

Íslandspóstur er staðráðinn í að þjónusta viðskiptavini sína vel og eins og lög kveða á um. Með fækkandi póstsendingum verður rekstur fyrirtækisins að taka breytingum í samræmi við þróun. Breytingar á flokkun og framboð A og B pósts eru þjónusta sem fyrirtækið hefur tekið upp til að mæta þessum nýju aðstæðum með það að leiðarljósi að tryggja að viðskiptavinir fyrirtækisins njóti áfram sem hingað til góðrar þjónustu hjá Póstinum,“ segir í tilkynningu frá Íslandspósti.

– bb@bb.is



# Morð framið að Núpi

Morð verður framið á Hótel Núpi helgina 16. - 18. nóvember nk. Ekki er þó verið að tala um raunverulegt morð, heldur mun morð vera framið í leikrænum skilningi orðsins. Bræðurnir Guðmundur og Sigurður Arnfjörð Helgasynir eigendur og rekstraraðilar Hótel Núps í Dýrafirði ætla að efna til heillar helgar sem ber yfirskriftina Morðhelgi á Núpi og bjóða þátttakendum að dvelja frá föstudegi til sunnudags í góðu yfirlæti og taka þátt í að leysa morðgátu. „Við ætlum að hafa slíka helgi í febrúar sl. en næg þátttaka fékkst ekki. Við ákváðum því að fresta viðburðinum og núna virðist ætla að stefna í ágæta þátttöku. Ennþá er þó laust pláss“ segir Sigurður.

Morðleikir hafa gætt töluverða vinsælda undanfarið, bæði erlendis og á Íslandi og hafa Hótel Búðir til að mynda sett upp slíka leiki. Morðgátan er í anda Agöthu Christie, sviðsetta í því skyni að skemmta hótél gestum og gefa þeim tækifæri til að upplifa „alvöru“ morðgátu og reyna að átta sig á því hver morðinginn er. Ævar Örn Jóseppson rithöfundur er höfundur morðgátunnar og með honum vinna Sigurður og



Hótel Núpur í Dýrafirði.

Guðmundir til að gera dvöl gestanna sem dulmagnaðasta.

„Helgin hefst á föstudegi en fólk getur komið á fimmtudegi því það fær eina nótt fría ef það vill koma fyrir eða fara seinna heim. Um kvöldið kemur svo

fulltrúi frá lögreglunni og tilkynnir að morð hafi verið framið“ segir Sigurður. Fram að næsta kvöldi, eru hótélgestir að vinna í því að lesa úr vísbendingum til að finna morðingjann. Niðurstöðum er skilað til dómnefndar sama

kvöld og sú dómnefnd sker úr um hver er sigurvegari en það er sá sem finnur út hver morðinginn er.

„Líka er hægt að fá skammarverðlaun, svona ef einhverjir þátttakendur eru bara að moka snjó í

stað þess að finna morðingja“ segir Sigurður Arnfjörð Helgason, hótélstjóri. Þeir sem hafa áhuga að taka þátt geta hringt í síma 846-9737 og fengið frekari upplýsingar.

– audur@bb.is

# Ósáttir við afstöðu ráðuneytisins

„Við höfðum bara ekki kost á því að uppfylla þessa kröfu og því finnst okkur þetta mjög ósanngjarnt,“ segir Þórallur Arason talsmaður trillukarla á Þingeyri, en trillukarlar þar í bæ eru ósáttir við ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins um að banna þeim að veiða byggðakvóta sinn frá síð-

asta fiskveiðiári á yfirstandandi almanaksári. Ísafjarðarbær hafði óskað eftir því atvinnuvegaráðuneytið myndi veita leyfi til þess, á þess að beðið yrði með endurúthlutun á úthlutun fiskveiðiársins 2012/2103.

Ráðuneytið hefur ítrekað afstöðu sína um að ekki sé unnt að

breyta áður auglýstum reglum um úthlutun byggðakvóta í einstökum byggðarlögum. Trillukarlar á Þingeyri gátu því ekki landað á afla sínum á Þingeyri í sumar vegna þess að fiskvinnslunni þar var lokað síðastliðið sumar. „Við sendum meira að segja bréf til fiskvinnslunnar

Vísir um að við myndum koma til móts við kostnaðinn sem stæði að því að hafa opið svo við gætum verkað aflann,“ segir Þórhallur, sem segir ráðuneytið ekki hafa viljað afturvirkni í þessu máli. „Bæjaryfirvöld geta víst óskað eftir því að byggðakvóti síðasta fiskveiðiárs verði veiddur á því næsta ef það er gert fyrirfram, ef ljóst er að aðstæður eru eins og hjá okkur.“

Þórhallur segir trillukarla á

Þingeyri vonast til þess að sá kvóti sem að þeir urðu af á síðasta ári verði veittur þeim bátum sem áttu hann inni, en fari ekki sjálfvirktil til endurúthlutunar. „Við viljum að sá kvóti verði lagður til viðbótar við því sem við eigum að fá á næsta ári og hann fari ekki í heildarpottinn,“ segir Þórhallur. „Það er eina von okkar að þetta verði leiðrétt, okkur þykir þetta mjög ósanngjarnt. Við höfum vilja til að landa í heimabyggð.“

## Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018

### Frístundarsvæði í landi Þórisstaða í Þorskafirði

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti þann 13. september 2012 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Tillagan var auglýst frá 4. apríl til 18. maí 2012.

Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga, geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Reykhólahrepps.

**Sveitarstjóri Reykhólahrepps,  
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir.**



## Mótmæla harðlega lokun pósthjónustunnar

Í ljósi þess að pósthjónustan á Flateyri hættir starfsemi 1. nóvember nk., og í staðinn verði tekin upp landpóstahjónusta, hafa Íbúasamtök Önundarfjarðar sent bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar erindi þar sem fyrirhuguð lokun er harðlega gagnrýnd. Íbúasamtökin segja að slík skerðing komi illa við íbúa og fyrirtæki á staðnum og nær væri að leita leiða til að halda núverandi þjónustu áfram, t.d. með samningum við fyrirtæki og þjónustuaðila. Íbúasamtökin sjá ekki hagræð-

ingu í því fyrirkomulagi sem mun verða, ef allur póstur verður sendur landleiðina til Reykjavíkur til flokkunar, líka sá póstur sem fer innanbæjar á Flateyri. Það þýðir að bréf frá Ísafirði getur verið allt að fjóra daga á leiðinni til Flateyrar. Íbúasamtök Önundarfjarðar biðja því bæjarráð Ísafjarðarbæjar að leita leiða í samráði við forsvarsmenn Íslands-pósts að koma í veg fyrir fyrirhugaða lokun pósthjónustunnar á Flateyri.

– audur@bb.is





Fallegt er í Grunnavík.

# Fimmtíu ár síðan byggð lagðist af í Grunnavík í Jökulfjörðum

Eitt sinn var blómleg byggð í Grunnavíkurhreppi í Jökulfjörðum. Bæði þar og á Hornströndum þótti gott að búa enda undirlendi gott, mikil hlunnindi af reka, fugli og sel og gott sauðfjárland, auk þess sem stutt var á miðin. Í ár eru 50 ár síðan síðustu íbúarnir yfirgáfu Grunnavík. Þann 8. nóvember árið 1962 lagðist djúpbáturinn Fagranes frá bryggju í Grunnavík með 22 farþega. Það-

an sigldi Fagranesið til Ísafjarðar og markaði þessi för endalok byggðar í Grunnavík.

Árið 1880 bjuggu 340 manns í Grunnavíkursókn, og þar af 76 í Grunnavík. Á fjölmennasta býlinu, Stað, byggu þá 19 manns, enda var þar tvíbýli. Árið 1901 bjuggu 407 manns í sókninni og þar af 91 í sjálfri Grunnavík. Eftir það tók að fækka í sókninni og árin 1920 og 1930 eru 69 manns

í Grunnavík og árið 1939 eru þau orðin 48.

Í grein í Tímanum frá því í nóvember 1962 er greint frá því að ævintýri eftirstríðsáranna hafi ekki borist til Grunnavíkurhrepps og hafi það stuðlað að fólksfækkun úr sveitinni. Hver sveitin eftir aðra hafi komist í akvegasamband, hafnir hafi verið bættar sem og flugsamgöngur. Í Grunnavík hafi fólksfækkun hinsvegar auk-

ist. Búið var á fjórum býlum þennan örlagaríka dag fyrir 50 árum, og þar af var eitt þeirra tvíbýli. Þær 22 manneskjur sem þar bjuggu yfirgáfu Grunnavík þennan dag og settist að á Ísafirði fyrst um sinn. Í grein Tímans segir að vetrarkýrðin ein muni ríkja í sveitinni eftir brottför síðustu íbúanna:

„En hún verður vafalaust rofin að vori og sumri, því fegurð Jök-

ulfjarða seiðir til sín ferðamenn og mun gera í ær ríkara mæli. Og ekki er ósennilegt, að næsta sumar fari nokkrir þáverandi Ísfirðingar yfir Djúpið til þess að heilsa upp á fornar slóðir.“ Óhætt er að segja að blaðamaður Tímans hafi reynst sannspár, en þeir sem eiga ættir sínar að rekja til Grunnavíkur eru duglegir sem og ferðamenn að heimsækja svæðið enn þann dag í dag.

Sælkeri vikunnar er Albertína Friðbjörg Elíasdóttir á Ísafirði

## Mangórækjubollar og vanillubúðingur

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, verkefnastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ hljóp í skarðið sem sælkeri vikunnar þar sem þeir sem tilnefndir höfðu verið, skorudust undan merkjum.

### Mangórækjubollar

280 gr hveiti  
4 msk garam masala  
2 tsk túrmerik  
6 græn chillí  
2 lítil mangó  
8 vorlaukar  
400 gr rækja

### Sósa

1 msk cumín fræ  
1 dós grísk jógúrt  
Cayenne pipar

Hveiti, garam masala og túrmerik sett saman í skál. Chillín hreinsuð að mestu og skorin frekar smátt og svo bætt út í hveitiskálina. Smá hola gerð í

hveitið og dl af vatni hellt út. Öllu hrært saman þar til deigkúla myndast, en deigið á að vera mjög þykkt og frekar blautt. Þá er rækjan tekin og söxuð niður, sem er reyndar hálfgerð synd en vel þess virði. Þá er það að afhýða mangóin og skera í smáa bita, sem og vorlaukinn. Svo er bara að nota hendurnar til að hnoða öllu vel og vandlega saman. Þetta krefst smá þolinmæði en er vel þess virði. Að lokum er að nota skeið til að móta munnbitastórar bollur og djúpsteikja í pönnu eða djúpsteingarpotti.

### Vanillubúðingur með rabararafroðu

5 dl matreiðslurjómi  
1 1/2 dl sykur  
Örlítill saltklípa  
2 tsk vanilludropar  
3 msk maízanamjöl  
2 msk smjör  
600 gr rabarbar  
3 dl sykur  
2 cm engiferstykki, rifið

1/8 tsk cayenne pipar  
2 matarlímsblöð  
Rjómasprautu + 2-3 gashylki  
Setjið 4 dl rjóma í djúpa pönnu og kveikið undir. Bætið svo 1 1/2 dl af sykri út í og hrærið saman. Leyfið suðunni að koma upp. Á meðan suðan er að koma upp þeytið þá saman 1 dl rjóma og maízanamjöli í lítilli skál með þísk. Þegar suðan kemur upp þá hellið rjómaþöndunni út í pönnuna og hrærið saman. Þannig verður úr þykk blanda og tímaþætt að klára verkið. Bætið smjörinu út í ásamt vanilludropunum og hrærið saman við búðinginn. Þá er svo bara að hella búðingnum úr pönnunni og í stóra skál og setja inn í ískáp í 2-3 tíma.

Þá er það froðan. Skerið rabarbara í bita og skellið á pönnu ásamt sykri, engifer og cayennepipar. Svo er bara að leyfa þessu að sjóða þar til grautur myndast. Þá er grautnum hellt úr pönnunni í sigti og rabarbarasafinn látinn leka niður í skál. Setjið grautinn



til hliðar og takið rabarbarasafann og bætið vatni saman við þar til kominn er 500 ml af vökva. Þá er að vinna með matarlímið. Setjið plöturnar í vatn og leyfið að vera þar í nokkrar mínútur (eða samkvæmt leiðbeiningum). Takið þær svo upp úr vatninu, kreistið mesta vatnið úr þeim og setjið í lítinn pott og hitið og hrærið þar til matarlímið hefur bráðnað. Þá er bara að bæta því út í rabarbarasafablönduna og blanda saman. Svo er að lokum að hella þessu í rjómasprautu. Lokið svo rjómasprautunni og setjið tvö gashylki og prófið að sprautu úr.

Ef froðan er ekki nógu froðukennd er einfalt að bæta á gasið. Berið fram með vanillubúðingnum, ásamt smá rabarbaragaut. Get lofað ykkur því að þetta mun slá í gegn! Þetta er svo hægt að gera með öðrum ávöxtum líka, t.d. jarðarberjum en passið ykkur á því að það mega engin fræ fara með í vökvann, þ.e. hann verður að vera alveg hreinn.

Ég skora á Hálfdán Bjarka Hálfdánsson, upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar að djúpsteikja eitthvað fyrir næsta blað.



# Full búð af nýjum vörum!

## Frábært verð á sófum, borðum og stólum.



Silo svefnsófi með tungu  
Frábært verð aðeins **kr. 159.000,-**  
Br. 228 cm Hæð 83 cm Tunga 162 cm



SVEFNSÓFI  
Á FRÁBÆRU  
VERÐI



**20%**  
KYNNINGAR-  
AFSLÁTTUR  
AF BAR- OG  
ELDHÚSSTÓLUM



PLUMP  
barstóll,  
krómlappir.  
Litur: svart.

**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990



ANDREW  
borð-  
stofustóll.  
Svart, brúnt  
og hvítt  
leður.

**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990



**19.190**

FULLT VERÐ: 23.990

DALLAS barstóll,  
krómlappir. Litir:  
svart og hvítt.

VALERIE  
borðstofustóll,  
krómlappir.  
Litur: Svart.

**11.990**

FULLT VERÐ: 15.990



IDdesign  
BEST SELLER 2012

**25%**  
AFSLÁTTUR  
AF VALERIE

NÚNA  
**20.000**  
KR. AFSLÁTTUR



**157.900**  
FULLT VERÐ: 177.900

LA Z BOY®

GRAND PINNACLE XL La-z-boy stóll.  
Svart eða brúnt leður. B:84 D:107 H:118 cm.

Belina borðstofuborð  
Frábært verð aðeins **kr. 82.425,-**  
Fullt verð: 109.900,-



**25%**  
AFSLÁTTUR

Stækkanlegt með  
2 stækkunum  
L 170/270 B 100 H 74 cm.

Mjúk og vönduð handklæði og sængurverasett í  
fallegum litum. **Gæðavara á frábæru verði!**



**Betra  
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is)  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opíð virka daga frá kl. 12-18